



A 1717/kultur

Flytjandi	Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um norræna samvinnu um stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna**Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að fela Norræna rannsóknaráðinu að eiga frumkvæði að föstu samstarfi um stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna. Verkefnið felst meðal annars í því að skapa funda- og samskiptavettvang fyrir æðri menntastofnanir og EdTech-iðnaðinn sem er í vexti á Norðurlöndum;

að gera úttekt á árangri af því starfi að stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna sem fram fór á formennskuári Finnlands 2016.

Forsaga

Stafvæðing hagkerfis og samfélags er áberandi einkenni á samtíma okkar. Aðgangur að rafrænni þjónustu breytir samskiptum fólks, í einkalífinu og opinberlega. Að sumu leyti standa norrænu löndin framarlega í þessari þróun. Almenningsur í löndunum býr yfir mikilli stafrænni færni og er einhver sá nettengdasti í heimi.

Norrænu ríkin og stofnanir þeirra hafa þó ekki náð eins langt og almenningur í þessum efnum. Það á ekki síst við á sviði æðri menntunar og rannsókna. Leiðandi háskólar heimsins, sérstaklega í Bandaríkjunum og Asíu, hafa náð langt í því að bjóða nám á netinu, birta rannsóknaniðurstöður á rafrænu formi og stunda stafrænt rannsóknasamstarf við aðra háskóla og stofnanir, en norrænir háskólar hafa ekki haldið í við þá þróun.

Eigi Norðurlönd að verða leiðandi á sviði æðri menntunar og rannsókna þarf að setja stafræna tækni í forgang. Norrænir háskólar eru litlir í alþjóðlegum samanburði, en saman mynda þeir mikilvægan þátt í vísinda- og fræðasamfélagi heimsins. Í norrænu löndunum er einnig nýr geiri í örum vexti, EdTech, þar sem til verða nýskapandi tæknilausnir fyrir menntakerfið. Á Norðurlöndum er þörf fyrir vettvang þar sem fyrirtæki á þessu sviði geta átt samskipti og samstarf, ekki síst við háskóla og stofnanir á sviði æðri menntunar og rannsókna.

Norrænt samstarf á sviði æðri menntunar og rannsókna fer fram innan ramma



Norræna rannsóknaráðsins, en það starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna rannsóknaráðið starfrækir í dag verkefni sem varða stafvæðingu, til dæmis hjá Nordic eScience Globalisation Initiative (NeGI), en ráðið skortir innviði fyrir fast samstarf um málefni stafvæðingar. Verkefni að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar gæti lagt grunn að slíku starfi.

Í fagsviðsáætluninni um menntamál og rannsóknir á formennskuári Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni 2016 var stafvæðing nefnd á meðal forgangssviða. Ástæða er til að meta árangur þess starfs, svo að reynslan geti nýst í starfi til lengri tíma innan ramma Norræna rannsóknaráðsins.

Kaupmannahöfn, 3. mars 2017

Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klitskov Jerkel (KF)
Brynjar Nielsson (Sj.)
Hans Wallmark (M)
Heidi Nordby Lunde (H)
Juhana Vartiainen (Saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)

Maria Stockhaus (M)
Michael Tetzschner (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Susanna Koski (Saml)
Sylvi Graham (H)
Teitur Björn Einarsson (Sj.)
Thomas Finnborg (M)
Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)
Wille Rydman (Saml)